LÖG

um staðla og Staðlaráð Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hugtökin staðall, alþjóðlegur staðall, stöðlun, tækniforskrift og sammæli skulu hafa alþjóðlega viðurkennda merkingu hér á landi eins og hún kemur fram í íslenskum staðli um íðorð í stöðlun og skyldri starfsemi.

2. gr.

Íslenskur staðall er staðall sem hefur verið staðfestur af Staðlaráði Íslands.

Heimilt er að gefa út íslenskan staðal á erlendu tungumáli ef sýnt er að það hindri ekki eðlileg not hans.

3. gr.

Staðall er til frjálsra afnota. Stjórnvöld geta þó gert notkun tilgreinds staðals skyldubundna með vísun til hans og hlutaðeigandi laga. Skal hann þá staðfestur með reglugerð af hlutaðeigandi ráðuneyti og skal í reglugerð vísa til staðalsins.

4. gr.

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Aðild að ráðinu er öllum heimil.

Staðlaráð Íslands setur sér starfsreglur sem ráðherra staðfestir þar sem m.a. skal kveða á um skipulag ráðsins, stjórn þess og daglega starfsemi. Staðlaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra. Hann fer með daglega stjórn ráðsins og ber ábyrgð á rekstri þess gagnvart stjórn þess.

Stjórn Staðlaráðs Íslands hefur það hlutverk að staðfesta alþjóðlega staðla og annast gerð íslenskra staðla í samvinnu við hagsmunaaðila, svo sem hlutaðeigandi ráðuneyti, stofnanir, samtök og fyrirtæki.

Staðlaráð Íslands getur starfrækt fagstaðlaráð á einstökum fagsviðum í samvinnu við hlutaðeigandi hagsmunaaðila. Hlutverk fagstaðlaráða er að samræma og hafa frumkvæði að stöðlunarvinnu á sínu sviði.

5. gr.

Staðlaráð Íslands á aðild að alþjóðasamstarfi staðlaráða fyrir Íslands hönd og fer með atkvæði landsins á þeim vettvangi. Heimilt er þó ráðinu að fela stofnun, fyrirtæki eða samtökum að annast í umboði þess þátttöku í alþjóðastaðlasamstarfi.

6. gr.

Eigi sjaldnar en ársfjórðungslega skal á vegum Staðlaráðs Íslands gefa út Staðlatíðindi þar sem m.a. skal:

1. tilkynna um ný stöðlunarverkefni,
2. auglýsa frumvörp að íslenskum stöðlum og kalla eftir athugasemdum innan tiltekins tímafrests og
3. tilkynna um staðfestingu Staðlaráðs Íslands á nýjum íslenskum stöðlum.

Við útgáfu auglýsinga og ákvörðun tímafrests samkvæmt þessari grein skal miðað við að þeir sem hagsmuna hafa að gæta geti haft áhrif á gerð staðalsins.

Á vegum Staðlaráðs Íslands skal haldin skrá yfir alla gildandi íslenska staðla. Skráin skal birt eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Jafnframt skal Staðlaráð Íslands sjá til þess að á hverjum tíma séu til eintök af öllum gildandi íslenskum stöðlum.

7. gr.

Til að standa straum af starfsemi Staðlaráðs Íslands rennur hluti af gjaldstofni tryggingagjalds samkvæmt lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, til Staðlaráðs Íslands. Aðrar tekjur Staðlaráðs Íslands eru m.a. aðildargjöld, sem ráðið ákveður, tekjur af verkefnum fyrir opinbera aðila og sala á stöðlum og þjónustu.

8. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Hann getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þeirra, að fenginni umsögn Staðlaráðs Íslands.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um staðla, nr. 97/1992.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson. **Halldór Blöndal.** (L. S.) **Guðrún Erlendsdóttir.**

Valgerður Sverrisdóttir.